

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfoss

Akureyri, 5. mars 2021  
UST202005-091/S.R.B.  
08.12.01

**Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi Eldisstöðsvar Íspór hf. í Þorlákshöfn.**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Eldisstöðvarinnar Íspór hf. vegna starfsleyfis til landeldis í Þorlákshöfn.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 1.800 tonn á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stöð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 4. mars 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson  
sviðsstjóri